



Samfélagsmiðlar og fjölmiðlar

Samfélagsmiðlar

1. **Daginn fyrir mót**, veitir FSÍ mótshaldara aðgang að Facebook síðu sambandsins, sem og myndasíðu sambandsins.
 - Leiðbeiningar fyrir myndasíðu fylgir í töluvpóstinum
2. **Í byrjun keppnisdags** setur mótshaldari inn færslu á Facebook síðuna með eftirfarandi upplýsingum
 - hvenær allir mótshlutar byrja þann daginn
 - hlekk á úrslitaþjónustu (Sport Event System)
 - með færslunni fylgir mynd af salnum
3. Mótshaldara ber skilda til að setja inn Facebook færslu með myndum **eftir hvern keppnisdag**, en er einnig frjálst að setja inn myndir **eftir hvern mótshluta**.
 - Myndir sem fara á Facebook síðu FSÍ skulu einungis koma frá þeim aðila sem er með aðgang.
4. **Í lok móts** setur mótshaldari vel valdar myndir inn á myndasíðu FSÍ.
5. Kynnir mótsins hvetur alla til að;
 - líka við Facebook síðu Fimleikasambands Íslands og að skoða myndir af mótinu þar.
 - fylgja Instagram reikning sambandsins; Fimleikasamband Íslands (icelandic_gymnastics) og merkja myndir sem þau setja á sitt persónulega Instagram með @icelandic_gymnastics. Með því gefa þau Fimleikasambandinu leyfi til að endurbirta myndir á Instagram reikning sambandsins.
6. Vanda skal orðaval og alla framsetningu við upplýsingar sem birtar eru á síðum sambandsins.

Fjölmiðlar

Mótstjóri FSÍ annast samskipti við fjölmiðla í samvinnu með mótshaldara, að undanskildum A-mótum, þá sinnir mótstjóri í samvinnu við skrifstofu FSÍ því hlutverki alfarið. Mikilvægt er að vanda til verka þegar kemur að samskiptum við fjölmiðla. Í samskiptum við fjölmiðla, er gott að hafa eftirfarandi í huga:



- Mótshaldari gefur upp tengilið við fjölmiðla á mótinu og tekur á móti fjölmiðlum og leiðbeinir þeim á mótstað.
- Að móti loknu sendir mótshaldari stutta samantekt með úrslitum og myndum á mótstjóra.